

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ ÍSAFIRÐI

ÁRSSKÝRSLA 1989 (1988)

13. júlí afhenti Bæjarstjórn Ísafjarðar Bæjar- og héraðsbókasafninu Gamla sjúkrahúsið í tilefni af því að þá var liðin ein öld frá því safnið var stofnað.

6. nóvember var haldið upp á afmælið, en þann dag fyrir 100 árum hófust útlán. Í þessu tilefni var gefinn út bæklingur um sögu og starf safnsins.

ÚTLÁN: Á árinu voru heildarútlán safnsins 26.941 bindi, en voru 27.380 árið 1988. Í aðalsafni voru útlán 22.417 bindi (22.776), í Hnífsdalssafni voru útlánin 2.162 (2.265), og til stofnana o.fl. voru þau 2.362 (2339) bindi.

Af heildarútlánunum voru barnabækur 31% (33% s.l. ár), skáldrit 39% (40%) og flokkað efni (fræðirit) 30% (27%).

Skipting útlána eftir efniflokkum	1989	(1988)
000 rit almenns efnis	346	(319)
100 heimspeki, sálfræði, dulfræði	495	(550)
200 trúarbrögð	93	(105)
300 félagsmál	556	(613)
400 tungumál, málfræði	80	(77)
500 raunvísindi	312	(385)
600 tækni, framleiðsla	949	(980)
700 listir, íþróttir	611	(574)
800 bókmenntir, bókmenntafræði	19.976	(20.824)
900 saga, landafræði, ættfræði	2.450	(1.951)
hljóðbækur (snældur)	669	(654)
myndbönd	404	(348)
alls	26.941	(27.380)

Bent er á að framangreindar tölur eiga aðeins við bækur sem lánaðar eru út úr safninu - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með. Áætlað er að þessi innanhússnotkun nemi u.þ.b. 50% af útlánunum safnsins. Útlán á hvern íbúa bæjarins voru um 8 bindi. Allmikið hefur dregið úr útlánunum undanfarin ár, eins og reyndar í öðrum söfnum landsins. Samdrátturinn er eingöngu í skáldritum og barnabókum, sérstaklega textabókum, minna í myndabókum. Útlán og notkun fræðiefnis hefur aukist á sama tíma. Þessi þróun stafar vafalaust aðallega af stórauðni framboði afþreyingarefnis í fjölmiðlum og myndbandaleigum, en ekki síður eiga minnkandi framlög til bókakaupa undanfarin ár sinn þátt í þessari þróun.

MILLISAFNALÁN: Rit lánuð öðrum söfnum voru 210 (94), og rit fengin að láni voru 187 (97). Veruleg aukning er í útvegum erlendra rita um tiltekin málefni. Ýmist eru þau fengin frá sérfræðisöfnum í Reykjavík eða frá Skandinavíu, en í ljós hefur komið að afgreiðsla slíkra lána er umtalsvert fljótari þaðan en frá Reykjavík.

ÖNNUR ÚTLÁN: Auk venjulegra útlána voru 293 (221) bækur lánaðar íbúum sýslunnar. Í stofnunum voru lánaðar út 1.568 bækur, en árið áður (1.558) bækur. Önnur útlán m.a. til skipa voru 483 (560). Alls voru þessi útlán 2.362 (2.265) á árinu.

PANTANIR: Á árinu voru afgreiddar 245 pantanir á bókum (vegna lána), sem er nokkuð meira en s.l. ár (220).

LÁNÞEGAR: Áætlað er að virkir lánþegar séu álíka margir og s.l. ár, eða um 900.

SAFNGESTIR: Áætlað er að á bilinu 18-20.000 gestir komi í safnið árlega.

SKRÁNING: Á árinu var tekið í notkun tölvukerfi til skráningar á bókum, tímaritum og öðrum safnkosti. Forstöðumaður safnsins bjó kerfið til í frístundum og hefur látið safninu það í té endurgjaldslaust sem bráðabirgðalausn, meðan ekki er tiltækur samræmdur búnaður. Þar sem ákvörðun um slíkan búnað íslenskra bókasafna hefur dregist von úr viti er brugðið á þetta bráðabirgðaráð, enda sparar það verulega vinnu miðað við spjaldskráningu.

Allur safnauki frá 1987 hefur verið skráður í tölvu og þær skrár gefnar út og sendar m.a. öllum söfnum í héraðinu. Horfur eru á því að á næsta ári bjóðist norskt skráningar- og útlánakerfi sem hentar fyrir veflest bókasöfn hér á landi. Áætlað verð þess í heild er um 30.000 norskar kr., en hægt verður að fá það í þremur hlutum, skráningar- og prentunarhluta, leitarhluta og útlánahluta. Sjálfgefið er að afla safninu þessa búnaðar enda náist samstaða um að nota hann í öðrum söfnum.

Með slíku samræmdu tölvukerfi má spara að mestu þá vinnu sem nú fer fram í söfnum og skólum við skráningu. Verulegt hagræði er augljóslega í því flytja má upplýsingar um safnkost allra viðkomandi safna milli þeirra og annarra sem hafa tengingu við gagnanet.

STARFSLIÐ: Sama og á fyrra ári: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (66%), Elín Magnfreðsdóttir, bókavörður (66%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Þórdís Þorleifsdóttir, bókavörður (66%), auk Sigmundar Guðmundssonar sem vann við bókband tilfallandi.

ÚTLÁNATÍMAR: Í aðalsafni var opið 29 klst. á viku í október - maí, en 19 klst. á viku í júní - september. Safnið í Hnífsdal var opið 4.5 klst. á viku í okt. - maí. SAFNKOSTUR: Í árslok taldist safnkosturinn vera 62.961 bindi en var (62.140) í ársbyrjun. Aukningin er 821 bindi miðað við (998) árið á undan.

Keyptar voru 1.098 bækur, sem er enn minna en áður (1.192). Undanfarin 3 ár hafa bókakaup verið verulega minni en áður, og horfur fyrir 1990 mjög slæmar, enda hefur það komið illa niður á þjónustu safnsins og aukið alla fyrirhöfn við útlán.

Þegar safnið naut enn prentskila (þ.e. fékk ókeypis 1 eintak af öllu sem prentað var á landinu) voru meðalbókakaup á árunum 1970 - 1977 um 1.100 bindi á ári. Meðalfjöldi prentskilabóka var 425 eintök á ári - samtals var því aukningin um 1.520 eintök á ári.

Meðalbókakaup lengst af síðan, eða á árunum 1978 til 1986, voru 1.374 bindi á ári, auk um 50 bóka frá Landsbókasafni, þ.e. bækur útgefnar af ríkinu, eða með ríkisstyrk sbr. lög um skylduskil til safna nr. 43/1977 13. gr.

Undanfarið, frá 1987 til 1990, stefnir í að meðalbókakaup verði innan við 1.100 eintök á ári. Bókum frá Landsbókasafni hefur töluvert fækkað undanfarið, eru nú um 20 á ári.

Bækur gefnar safninu voru 94 miðað við (176) árið 1988. Afskrifuð var 371 bók, sem er svipað og s.l. ár (370).

77 bækur voru bundnar inn, en þær voru (99) s.l. ár.

Um 1.000 bókum var pakkað í tæplega 40 kassa og komið í geymslu á Byggðasafninu - þar eru nú liðlega 740 kassar, eða um þriðjungur alls bókasafnsins.

HÚSNÆÐI: Eins og að framan greinir afhenti Bæjarstjórn Ísafjarðar bókasafninu (ásamt skjala- og listasafninu) Gamla sjúkrahúsið 13. júlí. Engin fjárveiting hefur fengist til hússins á árinu, hvorki til rekstrar né lagfæringa, utan framlag Héraðsnefndar vegna Héraðsskjalasafnsins kr. 400.000 Þetta framlag Héraðsnefndarinnar varð þó til þess að fært þótti að fela Knúti Jeppesen, arkitekt, að gera kostnaðaráætlun vegna nauðsynlegra lagfæringa á húsinu. Þessi kostnaðaráætlun var síðan m.a. lögð til grundvallar kröfu til Heilbrigðisráðuneytisins um greiðslu almenns viðhaldskostnaðar að upphæð um 4.800.000 kr. vegna slæms viðskilnaðar. Ráðuneytið hefur fallist á kröfuna og er greiðslu vænst 1991. Ástand hússins er það bágborið að ekki er forsvaranlegt að nota það sem geymslu fyrir söfnin, án þess að brýnustu viðgerðir fari fram áður, og síst af öllu meðan ekki er veitt neinu fé úr Bæjarsjóði til reksturs hússins, s.s. kyndingu. (Sjá nánar greinargerð um Gamla sjúkrahúsið).

Starfræksla Hnífsdalssafns hefur gengið brösulega í Félagsheimilinu vegna ólags á rekstri hússins, iðulega brást kynding þess og varð að loka safninu ítrekað vegna þess. Verði ekki breytingar til batnaðar á næstunni kemur til álita að leggja safnið niður, ekki síst í ljósi þess að framlög Bæjarsjóðs til safnsins í heild hafa verið verulega skorin niður undanfarið.

STOFNANIR: Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, elliheimil, Hlíf, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Aðallega er um að ræða útlán ásamt skráningu og frágangi á safnkosti þessara stofnana.

SKÓLAR: Eins og undanfarið hefur safnið séð um flokkun og skráningu á bókum Grunnskólans. Er nú meginhluti þess nú sæmilega búinn til notkunar, en meðan enginn skólasafnvörður starfar við Grunnskólan nýtist bókakosturinn og þessi vinna afar illa.

Sú nýbreyttni var tekin upp s.l. haust að efna til safnkynningar fyrir nemendur Grunnskólans - hefur það mælst vel fyrir og er áætlað framhald á því.

Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda við Menntaskólann fyrir ítarefni (bókum og tímaritum) að verulegu leyti, en skort hefur á skipuleg vinnubrögð af hálfu skólans við þetta starf. Er full ástæða til að koma á föstu vinnulagi á þessa samvinnu. Með auknu húsrými og fullkomnum tölvubúnaði bókasafnsins má stórbæta þessa þjónustu og auka hagkvæmni. Jafnframt er eðlilegt að Menntaskólinn taki þátt kostnaði við þetta, en um það hefur ekki verið að ræða undanfarin ár sama gildir reyndar um aðra skóla í héraðinu. Skólarnir á Núpi og Flateyri hafa fengið nokkuð af bókum lánaðar á árinu.

HREPPSBÓKASÖFN: Samstarf við þessi söfn var með líku sniði og undanfarið. Skrár yfir safnauka hér og tímaritakaup hafa verið sendar öllum söfnunum. Safnauki Súðavíkursafns hefur verið skráður og útbúin til útlána hér. Áformað er að skrá og flokka safnið í Reykjanesi n.k. sumar.

HÉRAÐSSKJALASAFN: Starfsemi þess hefur verið óveruleg eins og undanfarið, enda ekkert húsnæði til utan súðarherbergi á Byggðasafni og slæm geymsla í sundhallarkjallara. Töluvert hefur verið að gera við að sinna fyrirspurnum varðandi filmusafnið. Miklar vonir eru bundnar við að koma megi safninu í viðunandi horf með nýju húsnæði og hefja söfnun skjala í héraðinu, sem löngu er orðið tímabært.

STJÓRN: Í stjórn bókasafnsins og skjalasafnsins eru nú eftirtaldir:

af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar:

Magni Örvar Guðmundsson, Hlíðarvegi 29, formaður
Ásgeir S. Sigurðsson, Urðarvegi 60, varaformaður
Bryndís Friðgeirsdóttir, Fjarðarstræti 9
Guðmundur Marínósson, Hjallavegi 4

af hálfu hreppa:

Freyja Bjarnadóttir, Reykjarfjarðarhr.
Marías Þórðarson, Suðureyri
Pétur Þorkelsson, Flateyri

Ísafirði, 20. apríl 1990

Jóhann Hinriksson